

## Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 41/2013, um heimild til handa ráðherra, f.h. ríkissjóðs, til að fjármagna uppbyggingu innviða vegna atvinnustarfsemi í landi Bakka í Norðurþingi.

Frá atvinnuveganefnd.

Við bætist ný grein sem verði 1. gr., svohljóðandi:

1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Vegna fyrirhugaðrar stofnunar og reksturs atvinnustarfsemi á iðnaðarsvæði í landi Bakka í Norðurþingi, þar sem gert er ráð fyrir verulegri fjárfestingu sem hafi jákvæð þjóðhagsleg, samfélagsleg og efnahagsleg áhrif á Húsavík og nágrenni þess, og í þeim tilgangi að byggja upp nauðsynlega innviði vegna iðnaðarsvæðisins, er:

- a. ráðherra, f.h. ríkissjóðs, heimilt, að fengnum heimildum í fjárlögum, að semja við Vega-gerðina um gerð veltengingar milli Húsavíkurhafnar og iðnaðarsvæðisins á Bakka sem kostar allt að 1.800 millj. kr., miðað við verðlag í lok árs 2012,
- b. ráðherra sem fer með lánsfjármál ríkissjóðs heimilt, f.h. ríkissjóðs, að fengnum heimildum í fjárlögum, að semja við hafnarsjóð Húsavíkurhafnar um víkjandi lán til hafnarframkvæmda fyrir allt að 819 millj. kr., miðað við verðlag í lok árs 2012.

### Greinargerð.

Hér er lagt til að kveðið verði á um það í lögnum að fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, semji við hafnarsjóð skv. b-lið 1. mgr. 1. gr. laganna enda er í forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta mælt fyrir um að fjármála- og efnahagsráðherra fari með lántökur og lánsfjármál.